

Velferðarráðuneytið
b.t. Framkvæmdasjóðs aldraðra
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
101 Reykjavík

Hafnarfjörður 1. febrúar 2016.

Efni: Beiðni um viðræður vegna framtíðarhugmynda um uppbyggingu á Sólvangi.

Hér með er óska bæjaryfirvöld í Hafnarfirði eftir fundi með stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra. Umræðuefni eru framtíðarhugmyndir um uppbyggingu á Sólvangi. Hafinn er undirbúningur að byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Sólvangsreitnum og eru hugmyndir bæjaryfirvalda að nýta Sólvangshúsið sem þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu. Auk þess hefur verið óskað eftir 20 viðbótar hjúkrunarrýmum sem yrðu til húsa í Sólvangshúsinu.

Er óskað eftir fundi með stjórninni til þess að fara yfir þær hugmyndir sem liggja fyrir. Ekki verður sótt um fjármagn til sjóðsins árið 2016 en að ári liðnu verður búið að móta hugmyndir og þær komnar á framkvæmdastig þannig að tímabært verður að leita til stjórnar Framkvæmdasjóðsins.

Í von um góð viðbrögð.

Haraldur L. Haraldsson,
Bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar